

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyfarsýslum



Forsíðumyndin



Fréttabréfið er tileinkað þeim orlofskostum sem í boði verða sumarið 2007. Að venju verður boðið upp á marga góða kosti auk hestaferðar og sumarferðar á Djúpvog. Forsíðumyndin er af skólaliðum í Grunnskólanum í Lundi. Þær heita Guðlaug Anna Ívarsdóttir og Elín Mariusdóttir.



Mynd: Hópur barna leit við á skrifstofu Verkalýðsfélags Þórshafnar á Öskudaginn og söng fyrir formann félagsins og aðra þá sem leið áttu um skrifstofuna. Eins og sjá má voru börnin óþekktanleg og í flottum búningum. Þess má geta að Verkalýðsfélagið hefur flutt starfsemi sína í Íþróttabúsið á Þórsböfn og er nýja aðstaðan öll til fyrirmyndar.

Reiðnámskeið fyrir félagsmenn



Ævintýraferð í ágúst



Bjarni Páll Vilhjálmsson og Aðalsteinn Á. Baldursson munu verða fararstjórnar í baustferð stéttarfélaganna. Um er að ræða þriggja tíma bestaferð yfir Hvammsheiðina sem enginn má missa af. Ferðin er stutt, þægileg og sniðin að vönnum og óvönnum bestamönnum. Án efa verður frábær stemming í ferðinni.

Ferðin sem allir hafa beðið eftir verður farin í haust, nánar tiltekið laugardaginn 25. ágúst. Um er að ræða þriggja tíma hestaferð frá Saltvík í Heiðarbæ í Reykjahverfi. Ferðin er ætluð félagsmönnum og mökum þeirra. Þátttökugjald er aðeins kr. 4.000,-. Farið verður undir leiðsögn Bjarna Páls frá Hestamiðstöðinni í Saltvík niður að ströndinni að Æðarfossum í Laxá. Þaðan verður riðið upp að Mýrar-kvísl, yfir hana á vaði og suður Hvammsheiði meðfram Mýrar-kvíslinni eftir frábærum reiðgötum. Hestar verða við allra hæfi bæði fyrir vana og óvana. Ferðin er ekki síst ætluð óvönnum einstaklingum. Þegar komið verður í Heiðarbæ verður öllum boðið í sund og heitan

pott. Að því loknu verður grillað og sungið fram eftir kvöldi. Þegar ferðinni lýkur verður öllum keyrt til baka í Saltvík. Skráning stendur yfir til 20. apríl á Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600.

Nánari ferðatilhögun er þessi: Mæting í Hestamiðstöðina í Saltvík kl. 13:00. Riðið verður af stað kl. 14:00. Áætlaður komutími í Heiðarbæ er kl. 17:00. Sundlaug og heitir pottar verða opnir til kl. 19:00. Þá hefst kvöldvaka með grilli og öðru góðgæti til kl. 21:00 og jafnvel lengur ef veður og stuðið leyfa. Að því búnu verður öllum keyrt heim. Nánari upplýsingar um ferðina er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Stéttarfélagin í samstarfi við Hestamiðstöðina í Saltvík bjóða félagsmönnum upp á 6 tíma reiðnámskeið fyrir byrjendur helgina 11. til 13. maí. Á námskeiðinu verður farið yfir og kennd ýmis grunnatriði í reiðmennsku og umgengni við hesta og að sjálfsögðu farið í útreiðartúra frá Saltvík. Heildarverð er kr. 12.000,-

Fræðslusjóðir félagsmanna niðurgreiða námskeiðið um 50% og því þurfa félagsmenn aðeins að greiða kr. 6.000,-. Þetta er frábært námskeið sem enginn má missa af. Kennari verður Bjarni Páll Vilhjálmsson. Skráning stendur yfir til 15. apríl á Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600.

ATVINNA!

Okkur bráðvantar duglegt fólk sem allra fyrst til starfa í Fjallalambi við matvinnslu og pökkun.

Upplýsingar hjá Daníel
eða Sigurði s. 465 2140
(fjallalamb@fjallalamb.is)



Kristján L. Möller kemur færandi hendi

Fyrir nokkru færði alþingismaðurinn Kristján L. Möller Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis að gjöf plötur með nöfnum fyrrverandi formanna Verkalýðsfélagsins. Nöfn formannanna eru

grafin í plöturnar og hafa þær þegar verið settar á málverkin af þeim sem hanga í fundarsal stéttarfélaganna. Verkalýðsfélagið þakkar Kristjáni fyrir gjöfina.

Miðar í Hvalfjarðargöng lækka

Stéttarfélagin hafa lækkað miðana í Hvalfjarðargöngin. Hver miði kostar nú eftir lækkun kr. 550,-. Miðarnir eru aðeins til sölu fyrir félagsmenn.

Tölvunámskeið í gangi



Tölvunámskeið fyrir byrjendur hefur staðið yfir síðustu vikurnar á vegum stéttarfélaganna og Þekkingarseturs Þingeyinga. Alls eru 10 þátttakendur á námskeiðinu sem tekur 12 klukkustundir. Stéttarfélagin og Þekkingarsetrið stóðu fyrir sambærilegum námskeiðum

síðasta vetur sem nutu mikilla vinsælda. Þessar myndir voru teknar við upphaf námskeiðsins sem er félagsmönnum að kostnaðarlausu. Eins og sjá má koma nemendurnir víða að, frá Húsavík, Öxarfirði, Kelduhverfi, Tjörnesi og Köldukinn.



Hættu að reykja með nálastungu!



Stéttarfélagin hafa gengið frá samkomulagi við Sveinbjörn sjúkraþjálfara um áttak sem felst í því að hjálpa félagsmönnum stéttarfélaganna að hætta að reykja. Með bonum á myndinni eru Snæbjörn Sigurðarson formaður Verslunarmannafélags Húsavíkur, Haukur Tryggvason stjórnarmaður í sjúkrasjóði Verkalýðsfélagsins Húsavíkur og nágrennis ásamt varaformanni félagsins, Kristbjörgu Sigurðardóttur.

Stéttarfélagin hafa gengið frá samkomulagi við Sveinbjörn Sigurðsson sjúkraþjálfara um að hjálpa félagsmönnum að hætta að reykja með sérstakri meðferð sem byggist á nálastungumeðferð. Námskeiðið tekur átta vikur og hefst í byrjun apríl. Komið verður saman vikulega á þriðjudögum og tekur meðferðin um hálf tíma í senn. Síðan verður komið saman á 3 mánaða og 6 mánaða tímabili. Samtals gerir þetta 12 skipti. Námskeiðið hefst í byrjun apríl. Nálastungumeðferðin hefur virkað vel

og þess má geta að af þeim 19 einstaklingunum sem verið hafa í meðferð hjá Sveinbirni á síðustu tveimur árum hafa 11 hætt að reykja sem er um 60% árangur. Þátttökugjaldið er aðeins kr. 12.000,- fyrir félagsmenn eftir niðurgreiðslu. Skráning á námskeiðið er hafin og stendur til 31. mars á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þar sem takmarkaður fjöldi kemst á námskeiðið er hér með skorað á fólk að skrá sig þegar í stað.



Aðalfundur Þingiðnar

Aðalfundur Þingiðnar verður haldinn 27. mars kl. 20:00 í fundarsal félagsins.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Lagabreytingar
3. Kjör fulltrúa félagsins á 5. þing Samiðnar
3. Önnur mál

Fundargestum verður boðið að þiggja veitingar í lok fundarins. Það þarf ekki að taka það fram að mikilvægt er að félagsmenn sjái sér fært að taka þátt í fundinum meðan húsrúm leyfir.

Þingiðnar


Stapi Lífeyrissjóður



Það var vösk sveit manna sem fór á stofnfund nýja sjóðsins f.b. stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Félögin áttu rétt á 10 fulltrúum. Hér sitja þeir að snæðingi fyrir uppbaf fundarins ásamt fundarstjóranum Reinbard Reynissyni.

Þann 9. mars hélt Lífeyrissjóður Norðurlands sinn síðasta ársfund því í lok fundarins var samþykkt tillaga um að sameinast Lífeyrissjóði Austurlands. Fundurinn var haldinn á Hótel Reyhlið. Að loknum ársfundinum var haldinn sameiginlegur fundur Lífeyrissjóðs Norðurlands og Austurlands þar sem sameiningin var staðfest með lófaklappi fundarmanna sem fjölmenntu til fundarins. Samþykkt var að nýi sjóðurinn fengi nafnið Stapi Lífeyrissjóður. Sameiningin tekur þó ekki gildi fyrr en að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins sem án efa verður jákvætt. Eignir sjóðsins eru

um 82 milljarðar og félagssvæði sjóðsins er frá Hrutafirði að Skeiðará í Skaftafellssýslu. Á fundinum var gengið frá kjöri 6 manna stjórnar, það er þremur frá atvinnurekendum og þremur frá stéttarfélagunum. Þingeyingar eiga einn stjórnarmann sem er Þorbjörg Þorfinnsdóttir frá Þórshöfn sem situr í stjórn fyrir hönd atvinnurekenda og þá var Aðalsteinn Á. Baldursson formaður VHN kjörinn í varastjórn f.h. stéttarfélaganna á Norður- og Austurlandi. Höfuðstöðvar sjóðsins verða á Akureyri og ein svæðisskrifstofa verður á Neskaupstað.



Verslunarmannafélag
Húsavíkur

Aðalfundur Verslunarmannafélags Húsavíkur

Aðalfundur Verslunarmannafélags Húsavíkur verður haldinn 26. mars kl. 20:00 í fundarsal félagsins.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Í lok fundar verður boðið upp á kaffi og meðlæti við allra hæfi. Mikilvægt er að félagsmenn taki frá tíma og mæti á fundinn.

Verslunarmannafélag Húsavíkur



VERKALÝÐSFÉLAG
HÚSAVÍKUR OG NÁGRENNIS

Aðalfundur VHN

Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis verður haldinn sunnudaginn 15. apríl kl. 16:00 í fundarsal félagsins.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf

- a) Félagaskrá
- b) Skýrsla stjórnar
- c) Ársreikningar
- d) Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga
- e) Kosning löggjilts endurskoðanda
- f) Lagabreytingar
- g) Ákvörðun árgjalda
- h) Laun stjórnar

2. Önnur mál

Að loknum aðalfundi verða hefðbundnar veitingar í boði félagsins. Mikilvægt er að félagsmenn fjölmenni á fundinn og taki þannig þátt í að móta félagið til framtíðar, félagsmönnum til heilla.

Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis

Lagabreytingar

Fyrir aðalfundi Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis liggja tillögur um breytingar á lögum félagsins og reglugerð sjúkrasjóðs.

Félagsmönnum sem vilja kynna sér tillögurnar er bent á að snúa sér til skrifstofu félagsins.

Hættu að reykja!

Stéttarfélagin bjóða félagsmönnum upp á meðferð til að hætta að reykja. Um er að ræða meðferð hjá Sveinbirni Sigurðssyni sjúkráþjálfara. Meðferðin fellst í 12 tíma nálastungumeðferð sem stendur yfir í fjórar vikur. Komið verður saman einu sinni í viku. Þátttökugjald er kr. 12.000,- eftir niðurgreiðslu stéttarfélaganna. Skráning í meðferðina sem hefst í byrjun apríl stendur yfir til 31. mars á Skrifstofu stéttarfélaganna.

**Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis
Verslunarmannafélag Húsavíkur
Þingið**

Einföld krafa – hærri laun



Fulltrúar Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis á fundinum voru, Snæbjörn Sigurðarson, Ásgeir Þór Ásgeirsson, Gunnþórunn Þórgrímsdóttir, Helga Kristjánsdóttir og Guðný Grímsdóttir.

Matvælasvið Starfsgreina-sambandsins boðaði til ráðstefnu um kjaramál fiskvinnslufólks á Hótel KEA á Akureyri 1. og 2. mars. Tæplega 70 fulltrúar stéttarfélaganna tóku þátt í fundinum, flestir starfandi fiskvinnslumenn. Helsta umræðuefni fundarins voru kjara- og aðbúnaðarmál fiskvinnslufólks. Ráðstefnan var hugsuð til að móta hugmyndir að kröfugerð fyrir næstu kjarasamninga, aukinn bónus, engan bónus, óbreytt ástand eða breytilegt kerfi eftir húsum.

Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður matvælasviðs SGS sagðist í samtali við Fréttabréfið vera mjög ánægður með fundinn, það hefði einnig átt við um aðra fundarmenn. Greinilegt væri að fiskvinnslufólk legði áherslu á verulega hækkun launa í komandi kjarasamningum. Þá töldu fundarmenn sérstaklega mikilvægt að taka á starfsmenntunar- og aðbúnaðarmálum.

Borgarhólsskóla færð gjöf



Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa unnið mjög vel að málefnum erlendra starfsmanna sem komið hafa til starfa á félagssvæðinu. Frumkvæði stéttarfélaganna hefur vakið töluverða athygli og m.a. hefur formaður VHN verið beðinn um að tala á tveimur fundum um þessi máli í Reykjavík og á Akureyri. Þá hefur sveitarfélagið Norðurþing ákveðið að koma að verkefninu eins

og sagt er frá í Fréttabréfinu. Þar sem fyrir liggur að börn af erlendum uppruna sem flutt hafa til Húsavíkur á síðustu árum munu hefja nám í Borgarhólsskóla á Húsavík næsta haust ákvað Skrifstofa stéttarfélaganna að gefa skólanum íslenskar-pólskar orðabækur að gjöf sem Björg Sigurðardóttir veitti viðtöku f.h. skólans.

Ódýrast að vera í VHN! - Töluverður munur á félagsgjaldi stéttarféлага -



Samkvæmt lauslegri athugun er félagsgjaldið hjá Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis og Verkalýðsfélagi Þórshafnar lægst á Norðurlandi meðal aðildarfélaganna Starfsgreinasambands Íslands. Það munar töluverðu á hæsta og lægsta félagsgjaldinu. Félagsmenn bafa fulla ástæðu til að brosa út að eyrum.

Reglulega heyrum við af verðkönnunum á vöru og þjónustu enda mikilvægt að menn séu vel meðvitaðir um þessi mál og láti þau sig varða. Kaup á matvörum er t.d. hár útgjaldaliður á hverju heimili. Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa fylgst vel með þessum málum á félagssvæðinu í samráði við verðlagseftirlit ASÍ. Þessu til viðbótar ákvað Fréttabréf stéttarfélaganna að gera lauslega könnun á Norðurlandi á kostnaði félagsmanna við að vera í stéttarfélögum innan Starfsgreinasambands Íslands. Niðurstaðan er mjög ánægjuleg fyrir félagsmenn Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis og Verkalýðsfélags Þórshafnar því það er langódýrast að vera í þessum tveimur félögum. Félagsgjald í þessum tveimur félögum er 1% af

launum starfsmanna meðan önnur félög eru með allt að 1,30% félagsgjald. Tökum dæmi: Félagismaður sem er í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis greiðir því kr. 24.000,- í félagsgjald af 2,4 milljóna ársstekjum meðan félagismaður sem er í stéttarfélagi þar sem félagsgjaldið er 1,30% greiðir kr. 31.200,- af sömu ársstekjum. Á þessu má sjá að það er töluverður munur á hæsta og lægsta félagsgjaldinu. Þessu til viðbótar má geta þess að Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík er með lengsta opnunartíma sem þekkist innan aðildarfélaganna Starfsgreinasambands Íslands. Skrifstofan er opin níu tíma alla virka daga. Félagar, til hamingju með lægsta félagsgjaldið á Norðurlandi og lengsta opnunartímann!



Fulltrúar stéttarfélaganna bafa undanfarið settið á fundum og skipulagt orlofskosti fyrir félagsmenn sumarið 2007. Hér eru þau, Olga Gísladóttir, Örn Jensson, Snæbjörn Sigurðarson, Jónas Kristjánsson og Karl Halldórsson að brynja síðustu lausu endana svo bægt verði að auglýsa orlofskostina í Fréttabréfinu.

Sumarhús, íbúðir, hótél og fleira

-fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn

Samstarf félaganna – fjölbreyttir möguleikar

Með samstarfi stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum, Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis, Verslunarmannafélags Húsavíkur, Þingiðnar, Starfsmannafélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Þórshafnar býðst félagsmönnum nú mikið úrval af orlofskostum.

Félagsmönnum bjóðast orlofs-hús, íbúðir, gistiávisanir á Foss- og Edduhótélum, ódýr gisting á farfugaheimilum og endurgreiðsla á gistikostnaði á tjaldsvæðum.

Orlofshús og -íbúðir

Líkt og undanfarin ár bjóða félögin upp á orlofshús og íbúðir. Leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir er kr. 14.500 á viku. Almennir skipti-dagar eru föstudagar. Ef annað er ekki tekið fram eru húsín í boði á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst. Í sumar stendur félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og -íbúðir:

• Orlofsíbúðir Freyjugötu Reykjavík



Freyjugata 10 Reykjav.

Íbúð 1: 2 svefnherb. Útv. / Sjónv.

Íbúð 2: 1 svefnh. Útv. / Sjónv.

Íbúð 3: Stúdíóíbúð. Útv. / Sjónv.

Stéttarfélagin bjóða félagsmönnum sínum upp á gistingu í 3 orlofsíbúðum við Freyjugötu í Reykjavík. Íbúðirnar eru vel stað-settar í göngufæri frá miðbæ Reykjavíkur og Landsspítalanum.

Á 1. hæð er íbúð með tveim svefnherberjum. Svefnherbergi með hjónarúmi og barnaherbergi með koju. Auk þess eru tvær aukadýnur í íbúðinni.

Á 2. hæð er íbúð með eitt svefnherbergi með hjónarúmi. Í stofu er tvíbreiður svefnsófi og tvær aukadýnur.

Á 3. hæð er stúdíóíbúð, þannig að eldhús, stofa og svefnaðstaða er í sama rýminu. Í íbúðinni er hjónarúm, svefnsófi og tvær aukadýnur.

• Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík



Asparfelli 8 Reykjav.

Íbúð: 1 svefnherb. Útv. / Sjónv.

Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsófi er í stofu og tvær aukadýnur.

Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

• Orlofshús Munaðarnesi



Munaðarnes

3 svefnherb. / heitur pottur

Í orlofsbyggðinni Munaðarnesi, sem er 23 km. fyrir norðan Borgarnes, er boðið upp á tvö 53 m² orlofshús. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og hin tvö með koju. Við húsín er heitur pottur og stór verönd. Húsunum í Munaðarnesi fylgja sængurföt. Góð aðstaða er fyrir börn í Munaðarnesi, m.a. leikvöllir.

Munaðarnes er vel í sveit sett í þjóðbraut í miðjum Borgarfirði og því er stutt á flesta áfangastaði á Suð-vesturlandi og Snæfellsnesi.

• Orlofshúsið Hálsaból við Grundarfjörð



Hálsaból v/Grundarfj.

2 svefnherb. + svefnsófi í stofu
Heitur pottur

Orlofshúsið, sem er nýlegt, er 3 km. fyrir vestan Grundarfjörð og er 45 m² á stærð. Í húsinu er tvö

svefnherbergi með hjónarúmmum og aukarúmi fyrir ofan. Svefnsófi er í stofu. Við húsið er heitur pottur og verönd. Í boði 6. júní til 10. ágúst



Kjnarskógur við Akureyri

3 svefnherb.

• Orlofshús Kjnarskógi

Í Kjnarskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m² orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með koju. Við húsið er góð verönd og heitur pottur.



Illugastaðir Fnjóskadal

2 svefnherb. og svefnsófi

• Orlofshús Illugastöðum

Í boði er nýlegt 48 m² orlofshús í orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á milli Húsavíkur og Akureyrar.

Í húsinu er tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveim kojum. Í stofu er svefnsófi. Við húsið er góð verönd með heitum potti.

Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug.



Dranghólaskógur Öxarf.

3 svefnherb.

• Orlofshús Öxarfirði

Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félögin upp á orlofshús allan ársins hring. Húsið er vel búið með þrem svefnherberjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 1. júní til 17. ágúst.

• Orlofshús Eiðum



Eiðar á Héraði

3 svefnherb.

Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m² orlofshús með þrem svefnherbergjum. Í einu herbergjanna er hjónarúm og tvær aukadýnur en kojur í hinum. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát. Húsinu á Eiðum fylgja sængurföt.

• Orlofshús Einarstöðum



Einarstaðir Héraði

3 svefnherb.

Í orlofsbyggðinni Einarstöðum, sem er 10 km sunnan við Egilsstaði, er boðið upp á tvö 45 m² orlofshús með þrem svefnherbergjum. Í einu herbergjanna er hjónarúm og aukarúm en kojur í hinum. Í byggðinni eru leiktæki fyrir börn.

Einarstaðir eru sérstaklega vel staðsett m.t.t. ferðalaga á Austurlandi.

• Orlofshúsið Mörk Grímsnesi



Mörk Grímsnesi

3 svefnherb. / Heitur pottur

Orlofshúsið er um 52 m² að stærð með þremur svefnherberjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri koja en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið.

• Orlofshúsið Útgarður Grímsnesi



Útgarður Grímsnesi
2 svefnherb. + svefnsófi / H.pott.

Í boði er stórt orlofshús, um 100 m² (svefnloft innifalið). Í húsinu eru tvö svefnherbergi með hjónarúmum og í öðru þeirra er aukarúm. Auk þess er í húsinu 28 m² svefnloft með tveim rúmum og 4 dýnum.

Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 18 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu skammt frá Sogs-virkjunum.

• Orlofshús Ölfusborgum



Ölfusborgir
3 svefnherb. + svefnsófi / H.pott.

Í boði er orlofshús í orlofsbyggðinni Ölfusborgum við Hveragerði. Húsið er 55 m² þrjú svefnherbergi. Í einu þeirra er hjónarúm en í hinum eru kojur. Góð verönd og heitur pottur er við húsið. Er í boði frá 1. júní til 17. ágúst

Orlofshúsið Ásgarður í Grímsnesi

Í boði er 190 fermetra orlofshús í Grímsnesinu. Húsið er glænýtt með 3 góð svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, glæsilegt eldhús, borðstofu og stofu. Á neðri hæðinni er um 25 fermetra leikherbergi fyrir börnin og sauna.



Ásgarður í Grímsnesi
3 svefnherb. + sjónvarpsherb.

10 mínútna akstur er í alla þjónustu á Selfossi auk þess sem að í nágrenninu eru 2 góðir golfvellar og örstutt inn á Þingvelli. Í boði: 4. til 18. júní og 9. til 30. júlí.

• Orlofshús við Flókalund í Vatnsfirði

Í húsinu sem er 40 m² eru 2



Flókalundur í Vatnsfirði
2 svefnh.

svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Dvalargestir þurfa að hafa með sér lín utan um sængur-fatnað, handklæði, borðklúta og þurrkustykki. Í húsinu er einnig útvarp, sjónvarp, örbylgjuofn og úti-grill. Barnarúm og stólar og aukadýnur fást hjá umsjónarmanni, sem er staðsettur í húsi við sundlaug. Við Hótel Flókalund, sem er steinsnar frá byggðinni, er verslun með brýnustu nauðsýnjar. Í boði frá 13. júlí til 10 ágúst.

• Reykingar og húsdýr

Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann. Að öðrum kosti fyrirgera félagsmenn frekari rétti til að dvelja í orlofshúsum og íbúðum á vegum félaganna.

Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum.

Hótelgisting á Eddu


Félagsmönnum býðst gisting á Edduhótelum sem staðsett eru á Laugarvatni, Skógum, Vík í Mýrdal, Nesjaskóla við Höfn, Neskaupstað, Egilsstöðum, Eiðum, Stórutjörnum, Akureyri, Húnavöllum, Laugarbakka, Ísafirði, Laugum í Dalasýslu og Hellissandi.

Félagsmenn kaupa á Skrifstofu stéttarfélaganna gistiávísun fyrir uppíbúið tveggja manna herbergi með handlaug og bóka sér síðan gistingu þar sem þeir kjósa. Heimilt er að hafa með sér börn án sérstaks aukagjalds ef viðkomandi hefur með sér rúmföt fyrir þau. Hóтелиð leggur til dýnur. Verð fyrir gistinóttina fyrir fjölskylduna er kr. 3.700,-. Athugið að morgunverður er ekki innifalinn og misjafnt



Eddu hótel
Fjölskyldan gistir fyrir kr. 3.700,- pr. nótt.

framboð er hjá einstökum hótélum eftir tímabilum.



Gisting í farfuglaheimilum

Fyrir nokkrum árum var tekin upp sú nýbreytni að bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra upp á gistingu í einhverju 26 farfuglaheimilanna á Íslandi sem staðsett eru um allt land (sjá www.hostel.is).

Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng kodd, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi.

Þessi gisting býðst félagsmönnum og fjölskyldum þeirra á kr. 1.000 nóttin fyrir fullorðna, börn 0-4 ára fá frítt, en 5-12 ára greiða hálf gald.

Gistiávísanir fyrir farfuglaheimili er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla www.hostel.is eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110.



Hótelgisting á Fosshótelum

Félagsmönnum býðst gisting á Fosshótelum sem staðsett eru í Reykjavík, Reykholti, Húsavík, Nesjavöllum, Egilsstöðum, Hellu, Laugum, Hallormsstað, Sauðárkróki og Hornafirði.

Félagsmenn kaupa gistiávísun á Skrifstofu stéttarfélaganna fyrir uppíbúið tveggja manna herbergi með baði og morgunverði fyrir tvo og bóka síðan gistingu.

Verð fyrir gistinóttina er kr. 7.500 með niðurgreiðslu. Frítt er fyrir eitt barn undir 12 ára aldri í herbergi með foreldrum. Aukarúm kostar kr. 3.700 með morgunmat.



Umsóknarfrestur

Með þessu fréttabréfi fylgir umsóknareyðublað um orlofshúsinn og íbúðirnar, sem einnig er hægt að nálgast á heimasíðu félaganna www.vh.is. Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 10. apríl nk.

Útilega í boði þíns stéttarfélags

Orlofsnefnd stéttarfélaganna hefur ákveðið að halda áfram að bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra í útilegu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, feli-hýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu söluaðila og kaup-

anda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu allt að kr. 4.000 sumarið 2007.

Skilyrði fyrir þessari greiðslu er að félagsmaður sé í a.m.k. 50% starfi, sé fullgildur félagsmaður og hafi greitt félagsgjöld í a.m.k. 3 mánuði.

Íslenskunámskeiðum slitið



Í lok febrúar var tveimur íslenskunámskeiðum slitið sem haldin voru á vegum Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis og Þekkingarseturs Þingeyinga. Um var að ræða námskeið fyrir byrjendur annars vegar og lengra komna hins vegar. Menntamálaráðuneytið kostar námskeiðin að mestu auk

þess sem nemendur nýta sér sína námsstyrki frá Landsmennt sem allir eiga rétt á sem greiða til Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis. Ljóst er að námskeiðahaldið hefur skilað miklum árangri því sumir eru farnir að geta bjargað sér á íslensku sem er jú markmiðið með námskeiðunum.

Námskeið í gangi hjá Fjallalambi



Um þessar mundir stendur yfir námskeið/námsleið á vegum Fjallalambs og Þekkingarseturs Þingeyinga á Kópaskeri. Námsleiðin er sérsniðin fyrir starfsfólk í matvælaíðnaði og tekur 170 kst. Að náminu loknu útskrifast þátttakendur sem Fjölverkjar. Námsleiðin er ætluð lykilstarfsmönnum fyrirtækja í iðnaði, framleiðslu og þjónustu. Mennta-

málaráðuneytið hefur heimilað að námið verði metið allt að 13 einingum í framhaldsskólanámi. Fulltrúar Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis hafa m.a. séð um kennslu á námskeiðinu sem beinst hefur að atvinnulífni og réttindum og skyldum starfsmanna á vinnumarkaði og er þessi mynd tekin við það tækifæri.

Létt í Lundi



Nemendur 8.-10. bekkjar Grunnskólans í Lundi hlýddu nýlega á fyrirlestur um starfsemi stéttarfélaganna. Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis kynnti í fyrirlesturinum helstu atriði um stéttarfélög, réttindi og skyldur launafólks, lög og reglugerðir á vinnumarkaði og annað sem viðkemur starfsemi stéttarfélaganna. Krakkarnir tóku virkan þátt í fyrirlesturinum og höfðu um margt að spyrja enda mörg hver að stíga sín

fyrstu spor á vinnumarkaði á komandi sumri.

Þessi fyrirlestur er einn af mörgum sem starfsmenn stéttarfélaganna á Húsavík hafa haldið undanfarin ár í elstu bekkjum grunnskólanna á félagssvæðinu og hafa nemendur undantekningalaust verið ánægðir með heimsóknirnar. Fyrirlesturinn í Lundi var haldinn að frumkvæði stjórnenda skólans. Eftir fyrirlesturinn fengu nemendurnir boli að gjöf frá verkalýðsfélaginu.

Hátíðarhöldin í Íþróttahöllina



Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa ákveðið að færa hátíðarhöldin vegna 1. maí úr Félagsheimilinu í Íþróttahöllina á Húsavík. Þetta er gert vegna þess að Félagsheimilið rúmar ekki lengur allan þann fjölda sem sótt hefur hátíðarhöldin. Markmið stéttarfélaganna er að vel fari um hátíðargestina og allir sem vilja geti sótt hátíðina. Búið er að ganga frá samkomulagi við Bautann á Akureyri um leigu á borðum og stólum og þá mun stjórn og

trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis sjá um hátíðarhöldin að öðru leyti í fullu samræði við 1. maí nefnd stéttarfélaganna. Dagskráin verður að venju mjög vegleg og þess má geta að Ljótu hálfvitarnir sem vakið hafa mikla athygli fyrir fábæra tónlist munu koma fram á hátíðarhöldunum. Þegar búið verður að ganga endanlega frá dagskránni verður hún auglýst sérstaklega.

Samvinna og ábyrgð í málefnum



Norðurþing og skrifstofa stéttarfélaganna hafa gert með sér samkomulag er varðar aðlögun erlendra starfsmanna á svæðinu. Um tímamóta samkomulag er að ræða sem ekki á sér hlöðstæðu á Íslandi. Skrifstofa stéttarfélaganna hefur verið eins og sendiráð þar sem fjöldi erlendra starfsmanna leitar eftir þjónustu starfsmanna í hverri viku. Það er því við hæfi að kalla Skrifstofu stéttarfélaganna, Sendiráðið.

Sveitarfélagið Norðurþing og skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík hafa gert með sér samkomulag vegna verkefnisins: "Samvinna og ábyrgð í málefnum innflytjenda."

Samkomulagið á sér ekki hlöðstæðu á Íslandi og markar því tímamót. Forstöðumaður Skrifstofu stéttarfélaganna sagðist ánægður með samkomulagið og ástæða væri til að hæla sveitarfélaginu Norðurþingi fyrir þeirra aðkomu að málinu. Samkomulagið tekur mið af stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda.

Sveitarfélagið styrkir verkefnið um kr. 1.000.000.-. Skrifstofa stéttarfélaganna veitir verkefninu forystu og ber ábyrgð á framkvæmd þess. Verkefnið er tilraunaverkefni og skal því lokið fyrir árslok 2007. Markmið verkefnisins er að efla innflytjendur í Norðurþingi til þátttöku í atvinnulífinu og samfélag-

inu almennt í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda frá janúar 2007. Á verkefnistímanum skal vinna þarfagreiningu á málefnum innflytjenda í Norðurþingi sem getur orðið grundvöllur fyrir stefnumótandi ákvörðunum af hálfu sveitarfélagsins og ríkisvaldsins um þjónustu. Skrifstofa stéttarfélaganna skal starfa í náinni samvinnu við Fjölskylduþjónustu Þingeyinga vegna málefna innflytjenda. Leita skal samvinnu við Rauðakross Íslands, Fjölmenningssetrið á Ísafirði og aðra þá aðila sem sérhæft hafa sig í þjónustu við innflytjendur. Lögð verður áhersla á samvinnu við innflytjendur á svæðinu um verkefnið og framgang þess. Hluti af framlaggreindri þarfagreiningu er nákvæm skráning á allri þjónustu við innflytjendur og greining mála sem upp koma.



Guðrún Geirsdóttir trúnaðarmaður starfsmanna á Leikskólanum Bestabæ heldur hér á bæklingum með reglum starfsmenntasjóða og sjúkrasjóða sem Skrifstofa stéttarfélaganna hefur útbúið til að auðvelda trúnaðarmönnum sín störf.

Líf og fjör á Öskudaginn

Eins og allir vita gegnir Öskudagurinn mikilvægu hlutverki í íslensku þjóðlífi ekki síst hjá börnunum. Fjöldi barna á Húsavík og úr nærsveitum fór milli verslana

og stofnana og sungu fyrir starfsdagarinn. Þessar myndir eru teknar á Skrifstofu stéttarfélaganna en um 400 börn litu við og tóku lagið á Öskudaginn.



Fundað með starfsmönnum sveitarfélaga

Starfsmenn Skrifstofu stéttarfélaganna hafa undanfarnar vikur farið víða um Þingeyjarsýslur og fundað með forsvarsmönnum og starfsmönnum sveitarfélaga um launakjör. Nú stendur yfir endurmat á starfsmati og hafa stéttarfélögin

yfirfarið starfsmatið í samstarfi við forsvarsmenn sveitarfélaga á svæðinu. Vinnan hefur gengið vel og er niðurstöðu úr yfirferðinni að vænta eftir nokkrar vikur. Hér koma nokkrar myndir sem teknar eru úr heimsóknunum stéttarfélaganna.



Um ein milljón manna hefur yfirgefið Pólland

Formaður VHN dvaldi nýlega í Póllandi ásamt nokkrum norrænum verkalyðsleiðtogum á vegum Nordisk Union. Þar funduðu þeir með þarlandum forsvarsmönnum stéttarfélaganna. Að sögn Aðalsteins var ferðin mjög fræðandi og auk þess mjög árangursrík. Pólskir verkalyðsforingjar hafa miklar áhyggjur af stöðu mála í heimalandinu. Mikið atvinnuleysi er til staðar eða um 16%, meðallaun eru um 40 til 50 þúsund íslenskar krónur á mánuði og lægstu laun eru um 15.000,- kr. á mánuði. Þeir hafa auk þess miklar áhyggjur af fólksflóttanum frá Póllandi því um ein milljón manna hefur yfirgefið landið á síðustu misserum í leit að betra lífi í öðrum löndum. Í því sambandi má geta þess að um 6 - 8 þúsund

Pólverjar búa í dag á Íslandi. Pólsk verkalyðshreyfing treystir á að norræna verkalyðshreyfingin aðstoði þá við uppbyggingu á réttindamálum verkafólks í Póllandi og hjálpi þeim að auka tiltrú þeirra á mikilvægi stéttarfélaganna því aðeins um 12 til 16% verkafólks í Póllandi er í stéttarfélögum. Pólskir verkalyðsforingjar halda því fram að atvinnurekendur í Póllandi láti nýja starfsmenn skrifa upp á að þeir ætli sér ekki að vera í stéttarfélagi, að öðrum kosti fái þeir ekki vinnu hjá þeim. Það eru því mörg vandamál sem pólsk verkalyðshreyfing stendur frammi fyrir í dag og því þarf ekki að koma á óvart að þeir leiti eftir aðstoð frá Norðurlöndunum þar sem sterk hefð er fyrir öflugri verkalyðshreyfingu.



Pólskir blaðamenn sem starfa fyrir pólsku verkalyðsbreyfinguna spurðu mikið út í starfsemi Starfsgreinasambands Íslands og hvernig sambandið tækist á við mál sem tengdust erlendu vinnuafli. Þá brifust þeir mjög að starfi Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis varðandi fræðslu og íslenskukennslu fyrir pólska starfsmenn sem starfa á félagssvæði VHN. Ákveðið var að framvegis liggi tímarit pólskrar verkalyðsbreyfingar sem gefið er út vikulega í Póllandi á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Þannig geta pólskir verkamenn á svæðinu lesið um belstu málefni verkafólks í sínu heimalandi á sínu tungumáli sem þeir hafa ekki áður getað á Íslandi. Á myndinni má sjá pólskan blaðamann leggja fram fyrirspurn um réttindi verkafólks á Íslandi.



Mirosław Nowicki forseti Samstöðu (Solidarnosc) sem er góðvinur formanns VHN færði honum barnmerki Solidarnosc að gjöf. Hann og aðrir pólskir verkalyðsforingjar óskuðu eftir góðu samstarfi við íslenska verkalyðsbreyfingu varðandi uppbyggingu pólskrar verkalyðsbreyfingar.



Mikil fátækt er í Póllandi og betlarar og atvinnulaust fólk er mjög áberandi, ekki síst við kirkjur á sunnudögum þegar messað er í pólskum kirkjum. Hér má sjá tvo einstaklinga sem vonuðust eftir framlagi kirkjugesta svo þeir ættu fyrir mat.

Erlendum ríkisborgurum fjölgar ört Mikil notkun á skrifstofuhúsnæði

Á undanförunum misserum hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað verulega á félagssvæði stéttarfélaganna og þá sérstaklega á Húsavík. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofunni voru erlendir ríkisborgarar í Norðurþingi 108 í lok árs 2006 og hafði fjölgað um ríflega 60% á tveimur árum en alls eru 150 erlendir ríkisborgarar með lögheimili á öllu félagsvæðinu. Uppi- staðan er fólk frá Austur-Evrópu en alls eru einstaklingar af 20 þjóð- ernum skráðir með búsetu á svæðinu. Flestir koma frá Póllandi eða 66 og þar af eru 56 í Norðurþingi, flestir af þeim starfa í fiskvinnslu. Næstir koma Eistlandingar sem eru 16 en athygli vekur að allir búa þeir utan Norðurþings, 7 búa í Skútu-

staðahreppi og 9 í Þingeyjarsveit. 12 eru þýskir ríkisborgarar, 10 frá Bretlandi, 9 Danir og 37 eru af öðrum þjóðernum. Ekki er þá allt upp talið því að einhver fjöldi erlendra ríkisborgara býr og starfar á svæðinu en er ekki með skráð lögheimili hér. Til viðbótar áætla Skrifstofa stéttarfélaganna að um 200 erlendir starfsmenn komi til starfa á félagssvæðinu á sumrin og fram á haust. Þar munar mestu um fólk sem kemur tímabundið til starfa við ferðaþjónustu og sauðfjárlátrun. Þá má geta þess að fram að jólum stunduðu 64 útlendingar íslenskunámskeið á vegum stéttarfélaganna og samstarfsaðila og búast má við að annar eins fjöldi stundi nám nú á vormánuðum.



Hver smuga í húsnæði stéttarfélaganna er notuð þessa dagana til námskeiðabalds

Að venju er mikil starfsemi í gangi á vegum stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Félögin hafa orðið að grípa til þess ráðs að nota skrifstofuhúsnæði félagsins á kvöldin undir námskeiðahald þar sem fundarsalurinn hefur einnig verið í

notkun. Hér má sjá pólska verkamenn á íslenskunámskeiði sem haldið er á vegum Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis og Þekkingarseturs Þingeyinga. Með þeim á mynd er kennarinn, Halla Rún Tryggvadóttir.

Samið við Glitni



Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis ásamt Lilju Rögnvaldsdóttur og Erni Björnssyni frá Glitni banka á Húsavík, búin að ganga frá samkomulaginu.

Skrifstofa stéttarfélaganna hefur samið við Glitni banka á Húsavík um áframhaldandi vörslu og ávöxtun á peningum aðildarféлага Skrifstofunnar. Ávöxtunin var boðin út fyrr í vetur og eftir að metin höfðu verið tilboð frá öllum bankastofnunum á félagssvæðinu varð niðurstaðan sú að halda samstarfinu við Glitni banka áfram. Einnig náðist samkomulag við Sparisjóð Suður-

Þingeyinga um vörslu verkfallssjóðs Verkalýðfélags Húsavíkur og nágrennis. Að auki er hluti fjárens ávaxtaður í Sparisjóði Þórshafnar og verður svo áfram. Jafnframt er innheimta félagsgjalda í Landsbanka Íslands á Húsavík og því eru aðildarfélög skrifstofunnar komin í viðskipti við alla banka og sparisjóði á svæðinu.

Farið yfir reksturinn



Fulltrúaráð stéttarfélaganna fer reglulega yfir rekstur og starfsemi Skrifstofu stéttarfélaganna og í upphafi hvers árs er gengið frá fjárhagsáætlun fyrir árið og farið yfir niðurstöðu rekstrar fyrir síðasta rekstrarár. Auk þess eru önnur sameiginleg mál félaganna tekin til umræðu. Fulltrúaráð stéttarfélaganna er skipað fulltrúum þeirra stéttarféлага sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna. Þeir sem sitja í fulltrúaráðinu í dag eru:

Aðalsteinn Á. Baldursson fyrir Verkalýðsfélagið, Snæbjörn Sigurðarson fyrir Verslunarmannafélagið, Stefán Stefánsson fyrir Starfsmannafélagið og Jónas Kristjánsson fyrir Þingið. Sameiginlegt skrifstofuhald stéttarfélaganna hefur gengið vel og reksturinn verið til fyrirmyndar sem leitt hefur til þess að félögin hafa almennt getað gert betur við félagsmenn en önnur sambærileg félög.



Félagsfundir



VERKALÝÐSFÉLAG
HÚSAVÍKUR OG NÁGRENNIS

Raufarhöfn - Lundur

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis boðar hér með til félagsfunda á Raufarhöfn og í Lundi í Öxarfirði þriðjudaginn 10. apríl 2007. Fundurinn á Raufarhöfn verður haldinn á Hótel Norðurljósum kl. 17:00 og fundurinn í Lundi verður kl. 20:00. Á fundunum verður gerð grein fyrir rekstri félagsins og helstu verkefnum þess milli aðalfunda. Mikilvægt er að félagsmenn fjölmenni á fundina og taki þátt í frekari uppbyggingu félagsins.

Stjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis

Fundað með trúnaðarmönnum



Trúnaðarmenn VHN meðtaka upplýsingar sem gagnast þeim í starfi sem trúnaðarmenn.

Forsvarsmenn Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis halda reglulega fundi með trúnaðarmönnum félagsins um málefni er varða félagið og hlutverk trúnaðarmanna. Á síðasta fundi sem haldinn var í febrúar var farið yfir málefni félagsins, gjöld félagsmanna og fyrirtækja sem tengjast launum

starfsmanna, starfsreglur starfsmenntasjóða og sjúkrasjóða. Fundurinn var málefnalegur og góður og töldu trúnaðarmenn mikilvægt að viðhalda þessum samráðsfundum því öll fræðsla um réttindi og skyldur starfsmanna og hlutverk stéttarféлага væri af hinu góða.

Starfsmenn Laugaskóla heimsóttir



Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis skrápp í Reykjadalinn og fundaði með starfsmönnum Framhaldsskólans á Laugum sem starfa í mótuneyti skólans um kaup og kjör og starfsemi félagsins. Fulltrúar stéttarfélaganna hafa heimsótt fjölda

vinnustaða undanfarið og munu halda því áfram á næstu vikum. Að sögn formanns VHN eru þessar heimsóknir mjög mikilvægar enda viðkoma þær starfsemi stéttarfélaganna og réttindamálum starfsmanna.

Fjörfiskur og VHN undirrita samkomulag



Í lok janúar undirrituðu Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis og Fjörfiskur á Húsavík samkomulag um kjör og vinnutíma starfsmanna. Samkomulagið hefur þegar verið samþykkt meðal starfsmanna. Fjörfiskur er vaxandi fyrirtæki á Húsavík og keypti m.a. nýlega um

72% af húsnæði gamla Mjólkursamlags Kþ. Mikill hugur er hjá forsvarsmönnum fyrirtækisins að efla starfsemina á Húsavík enn frekar. Jóhann og Jakob skrifuðu undir fh. Fjörfisks og Aðalsteinn og Helga Kristjánsdóttir trúnaðarmaður starfsmanna f.h. Verkalýðsfélagsins.



Elfa Bryndís Kristjánsdóttir, starfsmaður Aðalðelabrepps, er bér við störf.



Ingvar, Karólína og Þórunn í fantastuði í söluskálanum Naustgili á Húsavík.



Þrátt fyrir miklar annir var stutt í brosið hjá Rakel Einarsdóttur þegar bún var að þjóna fulltrúum á ársfundi Lífeyrissjóðs Norðurlands sem baldin var nýlega á Hótel Reyniblíð.



Það er alltaf létt yfir starfsmönnum mótuneytis Stórutjarnarskóla og bugsa þær vel um nemendur og starfsmenn skólans.

Sigurður VE 15 landar á Þórshöfn



Loðnuskipið Sigurður VE 15 frá Vestmannaeyjum kom til Þórshafnar um miðjan febrúar og landaði þar um 1400 tonnum af loðnu sem skipið fékk við Vestmannaeyjar. Þetta var í fyrsta skiptið sem þetta þekktu aflaskip kemur til Þórshafnar en skipið er í eigu Ísfélags Vestmannaeyja sem nýlega keypti Hraðfrystistöð Þórshafnar. Vel var tekið á móti áhöfninni við komuna til Þórshafnar,

og var Björn Ingimarsson sveitarstjóri Langanesbyggðar fremstur í flokki móttökunefndar. Skipstjóri á Sigurði er Kristbjörn Árnason frá Húsavík sem er einn fengsælasti skipstjóri sem Íslendingar hafa átt. Þá hafa Húsvíkingar alla tíð verið mjög áberandi í áhöfnum Bóba og er svo enn. Guðjón Gamalielsson tók myndirnar sem fylgja með fréttinni.



Heimsviðburður á Húsavík

Ljótú hálfvitarnir verða í Íþróttahöllinni á Húsavík 1. maí. Tónlistarflutningur þeirra hefur vakið mikla athygli og hefur verið húsfullir alls staðar þar sem þeir hafa komið fram. Ljótú hálfvitarnir spila hressa, þjóðlagaskotna tónlist með áherslu á smellna texta. Eitt af aðalsmerkjum bandsins er hljóðfæraskipan því þeir nota öll möguleg og ómöguleg hljóðfæri og sjaldgæft er að sami maður spili á sama hljóðfæri tvö lög í röð. Þannig gengur oft ýmislegt á á tónleikum þegar 8 menn, sumir hverjir feitir, þurfa að skipta um hljóðfæri eftir hvert lag, segir á heimasíðu þeirra.

Þá má geta þess að fleiri stórstjórnur verða á svæðinu eins og Óskar Pétursson.



Toggi, einn af Ljótú hálfvitunum, með sekkjapípu.

Nemendur FSH í heimsókn



Nokkrir nemendur Framhaldsskólans á Húsavík komu í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna í síðustu viku til að fræðast um starfsemi stéttarfélaga, réttindamál og atvinnulífið í Þingeyjarsýslum. Unglingarnir voru áhugsamir um

starfsemina og lögðu fjölmargar spurningar fyrir starfsmenn stéttarfélaganna. Að lokinni heimsókninni fengu nemendurnir smá glaðning frá félögum.

Til skoðunar að hækka styrki

Aðildarfélög Skrifstofu stéttarfélaganna hafa til skoðunar að hækka styrki til félagsmanna á aðalfundum félaganna sem haldnir verða í mars og apríl. Góður rekstur gerir það að verkum að stjórnir

félaganna telja ástæðu til að leggja til við aðalfundina að gera enn betur við félagsmenn en nú er. Vonandi sjá félagsmenn ástæðu til að fjölmenna á fundina.

Félagsferð á Djúpavog

Dagana 9. – 10. júní er áætlað að fara í ferð á Djúpavog með félagsmenn og maka þeirra.

Verð kr. 10.000 per mann.

Innfalið í verði:

Rútuferð með viðkomu á Reyðarfirði og við Kárahnjúka.

Sigling út í Papey.

Gisting á Hótel Framtíð.

Stéttarfélögin munu svo bjóða ferðalöngunum í grillveislu á laugardagskvöldið.

Hægt er að skrá sig á Skrifstofu stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26, í síma 464-6600 eða með tölvupósti á snabbi@vh.is til 10. apríl.


Fararstjóri verður Snæbjörn Sigurðarson.




LÍFEYRISJÓÐUR NORÐURLANDS

- þar sem framtíðin vex!

Tryggingadeild - Nafnávöxtun



Séreignardeild - Nafnávöxtun 2006



Tryggingadeild 2006

Nafnávöxtun	16,2%
Raunávöxtun	8,6%
Fjöldi sjóðfélaga	12.609
Fjöldi launagreiðenda	1.782
Fjöldi lífeyrisþega	4.287
Hlutfallsleg skipting lífeyris:	
Ellilífeyrir	56,7%
Örorkulífeyrir	32,9%
Makalífeyrir	7,9%
Bamalífeyrir	2,5%

Samsetning eigna:

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	46%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	48%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	3%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	1%
Veðlán	1%
Aðrar eignir	1%

Skipting eigna eftir gjaldmiðlum:

Eignir í íslenskum krónum	64%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	36%

Eignir umfram heildarskuldbindingar	2%
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	14%

Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,12%
Stöðugildi	8,4

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

(tölur í milljónum króna)

	2006	2005
Löggjöld	2.432	2.132
Lífeyrir	-1.379	-1.267
Fjárfestingartekjur	7.968	7.569
Fjárfestingargjöld	-32	-32
Rekstrarkostnaður	-67	-60
Hækkun á hreinni eign á árinu	8.923	8.341
Hrein eign frá fyrra ári	47.509	39.168
Hrein eign til greiðslu lífeyris	56.432	47.509

Efnahagsreikningur í árslok

(tölur í milljónum króna)

	2006	2005
Verðbréf með breytilegum tekjum	27.791	21.465
Verðbréf með föstum tekjum	27.308	24.094
Veðlán	444	786
Bankainnstæður	738	765
Fasteignir	74	75
Veltiinnlán og aðrar eignir	357	493
Kröfur	492	252
Skuldir	-771	-421
Hrein eign samtals	56.432	47.509
Hrein eign Tryggingadeild	54.355	45.904
Hrein eign Séreignardeild	2.076	1.605
	56.432	47.509

Séreignardeild 2006

Safn I	
Nafnávöxtun	20,0%
Raunávöxtun ársins	12,2%
Safn II	
Nafnávöxtun	22,0%
Raunávöxtun ársins	14,1%

Stjórn

Björn Snæbjörnsson formaður	Einar Einarsson
Kristján Þór Júlíusson varaformaður	Þorbjörg Þorfinnsdóttir
Signý Jóhannesdóttir	Aðalsteinn Á Baldursson
Ásgerður Pálsdóttir	Sirý Hrönn Haraldsdóttir
Framkvæmdastjóri: Kári Arnór Káason	



LÍFEYRISJÓÐUR
NORÐURLANDS

Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500
Tölvupóstur: ln@ln.is • Heimasíða: www.ln.is

GEFÐU BAKPOKAELDFLAUG
Í FERMINGARGJÖF

Í FRAMTÍÐINN VERÐUR HÆGT AÐ GERA MIKLU MEIRA VIÐ PENINGINN.

Framtíðarreikningur er fermingargjöf sem verður verðmætari með hverju ári. Reikningurinn ber hæstu spárvexti bankans og þar að auki bætum við 2.000 kr. við hverja gjöf upp á 5.000 kr. eða meira.* Framtíðarreikningurinn fæst í næsta útibúi Glitnis og á glitnir.is

* Tilbóð gildir fyrir alla sem eru fæddir 1993 og gildir allt að fimm sinnum fyrir hvern einstakling.

GLITNIR

Umsókn um orlofshús og orlofsíbúðir 2007

Umsækjandi: Nafn: _____

Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer: _____ Sveitarfélag: _____

Heimasími: _____ Vinnusími/Farsími: _____

Dags: _____

Áður fengið orlofshús: ☐ Já síðast árið: _____
☐ Nei

Stéttarfélag: ☐ Verkalyðsfélag Húsavíkur og nágrennis
☐ Verkalyðsfélag Þórshafnar
☐ Verslunarmannafélag Húsavíkur
☐ Starfsmannafélag Húsavíkur
☐ Þingið

Sótt er um: ☐ Orlofshús Illugastöðum
☐ Orlofshús Einarstöðum á Héraði
☐ Orlofshús Útgardi í Grímsnesi
☐ Orlofsíbúðir Freyjugötu eða Asparfelli, Reykjavík
☐ Orlofsíbúð Sólheimum, Reykjavík(félagsm. S.T.H.)
☐ Orlofshús Kjarnaskógi, Eyjafirði
☐ Orlofshús Eiðum, Héraði
☐ Orlofshúsið Mörk í Grímsnesi
☐ Orlofshús Ölfusborgum
☐ Orlofshús Munaðarnesi við Borgarfjörð
☐ Orlofshús Hálsból við Grundarfjörð
☐ Orlofshúsið Ásgarður í Grímsnesi
☐ Orlofshús í Flókalundi
☐ Gistiávisanir á Eddu-hótel(til sölu í allt sumar)
☐ Gistiávisanir á Fosshótelum(til sölu í allt sumar)
☐ Gistiávisanir á Farfuglaheimili(til sölu í allt sumar)

Sótt er um tímabilið: _____/_____/_____ til _____/_____/_____ 2007

Tímabil til vara: _____/_____/_____ til _____/_____/_____ 2007

Annað: _____

-

Umsóknir skal senda til Skrifstofu stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26- 640 Húsavík.
Sími: 464-6600 Fax: 464-6601

Umsóknir vegna sumarleigu 2007 þurfa að berast fyrir 10. apríl 2007.

Verð:

kr. 14.500,- vikan fyrir orlofshús

kr. 14.000,- vikan fyrir íbúðir í Reykjavík



Þessi margborgar sig

Ekki láta hugmyndina um að eyða í sparnað tynast innan um allar hinar. Hún er svo einföld að þú framkvæmir hana á augabragði og því fyrr sem þú byrjar, því meira færðu út úr henni. Hún er jafnvel hugmyndin sem gæti hjálpað þér að koma öllum hinum í framkvæmd.

- Færðu á landsbanki.is eða hringdu í 410 4000
- Veldu upphæð og þá sparnaðarleið sem hentar þér
- Byrjaðu að spara reglulega

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.



Landsbankinn